

Bls. 3 Úr sagnabrunni Gísla Rich

Ég var að taka hakann um
borð þegar brotið ríður yfir.
Þá skiptir engum togum að ég
lengi á kafi í sjó og veit ekkert
hvar ég er um stund.



Bls. 7 Horft í byssuhlaupið

„Freeze, put your hands on your head and get
down on the ground now!“
Við vorum svo skelkaðir að við hlýddum
fyrirmælunum umsvifalaust og sögðumst bara
hafa verið að leika okkur.

Litli Hver

02. tbl. 2026



Febrúarpistill/gæla

Er pírringur lífsstíll var ég spurður að á dögumum. Ég áttaði mig ekki á því hvernig pírringur gæti verið lífsstíll eins og til dæmis einhvers konar átak til framræslu illra vessa úr sál og líkama, eða að nýta sér ýmsa viðburði daglegs lífs svo megi verða öðrum til eftirbreytni og nytsemdar í lífinu, nú eða til öfundar. Kannski getur lífstíll getið af sér pírring sérstaklega í ljósi þess að markmiðum hans er ekki náð eða vegna þess að innan hans er iðulega einhvers konar andlegt kapphlaup háð metingi um hvort réttum stíl sé fylgt. Þetta er þá orðið tíska, sem er held afleiðing af einhvers konar lífstílskreppu; „ergo þetta er ekki vinna þetta er lífstíll“ eins og margur lætur hafa eftir sér opinberlega.


Oft birtist pírringur í skipulags-hugmyndum ýmissa yfirvalda um hvað sé hverjum hollt og hverjum óhollt. Hverju þarf pirraður fjöldinn að kyngja til þess að annar pirraður fjöldi/hópur geti unað glaður við sinn pírring og sinn lífsstíl. Kannski eru bara skipuleggjendur upphaf alls pírrings, sem endar iðulega með svokölluðum viðurkenndum fjöldapírringi sem hangir eins og ský yfir leikum og lærdum að pirra sjálfa sig og aðra. Ef allir eru pirraðir og njóta þess; er það bara ekki allt í lagi og jákvætt

Jú, hygg það gangi upp sem lífstíll og tíska og allir una glaðir í pírringi sinnar eigin vitundar og juda á sínum pírringi um ýmis konar tilfinningalandslag um leið og annarra pírringur fær að njóta sín í því að pirrast út í aðra og sjálfa sig. Mátulegur pírringur er betri en óviðráðanlegt óþol er haft eftir ónafngreindum greinanda og má kannski til sanns vegar færa.

Með lífstílskveðjum Benedikt Gestsson

Forsíðumyndin

Stillur og frost hafa einkennt janúar í upphafi árs, en svo kom gamla góða slagveðrið um miðjan mánuðinn með rigningu



og slyddu og hvassviðri. Forsíðumyndina tók Benni eitt stillu- og norðuljósakvöldið í Reykjavík í janúar þegar ótrúlegur norðuljósadans gladdi íbúa Suðvestulandsins.

Vissir þú ...

... að tilgangssleysi getur haft djúpstæðan tilgang
... að djúpstæður tilgangur getur verið tilgangslaus
... að djúpstætt getur verið grunnstætt
... djúpstætt tilgangssleysi er ekki endilega vel ígrundað
... að ígrundaður djúpstæður tilgangur verður ekki til endilega til í tilgangssleysi

Athugið að fróðleikur þessi er birtur án ábyrgðar

Litli Hver Útgefandi: Klúbburinn Geysir. Framkvæmdastjóri: Þórunn Ósk Sölvadóttir. Þeir sem unnu þetta blað: Fannar, Gísli, Benni, Sigurður Heimilisfang: Skipholt 29. Sími: 551-5166, tölvupóstur kgeysir@kgeysir.is Heimasíða: www.klubburinngeysir.is Facebook: Klúbburinn Geysir, Instagram: klubburinn_geysir #geysirclubhouse

KLUBBURINN
GEYSIR | 20 ÁRA

Sögur af Dofranum BA 25

Skyndilega í stakkageymslunni

Eitt sinn á Dofranum þegar við vorum að klára að draga línuna og á leið í land þegar allt í einu skellur brot á bátnum stjórnborðsmegin. Það var haki utan á lunn-ingunni til þess að haka fiskinn sem dettur af króknum. Ég var að taka hakann um borð þegar brotið ríður yfir. Þá skiptir engum togum að ég lendi á kafi í sjó og veit ekkert hvar ég er í svolítinn tíma. En þegar fjaraði út var ég staddur í stakkageymslunni, en sjó hafði flætt alveg inn eldhús og ég lent í stakkageymslunni þegar fjaraði undan. Þetta tók nú ekkert á mig en hugsaði að ekki hafi ég verið feigur í þetta sinn.

Ryðlitað vatn og ódrykkjarhæft

Dofrinn fór líka á síld, eða reyndar bara eina ferð. Skipstjórinn á þessari síldarvertið hét Hrólfur og var mikill aflakóngur. Okkur gekk mjög vel að fiska, en ég var alveg að skíta á mig því þetta var svo erfið vinna þar sem allt var gert á höndum. Aðstaða um borð var ekki góð. Vatnið ryðlitað og ódrykkjarhæft. Það var heldur ekki hlaupið að því að komast í bað um borð og man ég eftir því að fara í sturtu úti á Granda. Um kvöldið duttum við svo í það. Forstjórinn bauð okkur svo á Grillið á Sögu um kvöldið og máttum drekka brennivín eins og við gátum. Allir orðnir



Myndin er af Dofra BA 25 í slipp en ekki er víst hvaða slipp, en trúlega í hHafnarfirði. Myndin er fengin af vefsíðunni: <https://www.shipsnostalgia.com/media/dofri.159274/>

blindfullir og fórum þá í partí heim til Hrólfs, en forstjórinn keypti nokkrar flöskur á barnum til að hafa með í partíið.

Félagsleg dagskrá



Þessir heiðursmenn hittust á Kaffivagninum úti á Granda einn góðviðrisdaginn í febrúar. Þeir fengu sér veitingar og spjölluðu um lífsins gang í fortíð og nútíð. Frá vinstri Ingi Már, Sigurður Bjarni, Gísli Rich. og Gunnar Gestsson.

Afmælisveisla félaga sem eiga afmæli í febrúar verður haldin þriðjudaginn 24. febrúar 2026 kl. 14.00

Matseðill fyrir febrúar 2026
Matseðill er birtur með fyrirvara um breytingar

Hægt er að panta samlokur í hádeginu fyrir klukkan 10.00

Mán.	Þri.	Mið.	Fim.	Fös.	Lau.

Eldhúsið verður lokað um óákveðinn tíma vegna starfsmannaeklu.
 Hægt verður að kaupa samlokur í hádeginu og morgunmatur verður framreiddur eins og áður.
 Biðjum félaga að hafa þetta í huga.

Hefur þú tillögur að skemmtilegri matseld og hugmyndir um aukna fjölbreytni á matseðli Klúbbsins Geysis? Mættu þá á eldhúsfund kl. 10.30 síðasta mánudag hvers mánaðar og taktu þátt í að móta heilsusamlegan og fjölbreyttan matseðil. Hægt er að panta samlokur ef einhverjum hugnast ekki það sem er á matseðli



Hver vinnur EM 2026 ?

Það er enn ekkert öruggt svar við því hvaða handboltalið mun vinna Evrópu-meistaramótið (karla, EHF EURO 2026) — það ræðst af komandi leikjum og útsláttarkeppni. Núverandi spár og líkinda-reikningar benda eindregið til þess að ákveðin lið séu í betri stöðu, byggt á frammistöðu, veðmálalíkum og mati sérfræðinga:
Helstu sigurstranglegustu lið EHF EURO 2026

Danmörk: Talið sigurstranglegasta liðið til að vinna Evrópumeistaramótið 2026 samkvæmt mörgum veðmálaspám og líkum. Danmörk hefur mjög sterkar líkur og glæsilegan feril að baki að undanfögnu (Ólympíugull, sterk frammistaða á heimsmeistaramótum), sem gerir liðið að líklegasta sigurvegaranum. Tölfræðilegar hermílikön mótsins sýna að Danmörk hefur mun meiri líkur á sigri en önnur lið.

Frakkland: Oft sett í annað sæti hvað sigurhorfur varðar, á eftir Danmörku, í forspám fyrir mótið. Þeir eru núverandi Evrópumeistarar og búa yfir úrvalsleikmönnum og mikilli reynslu. Þeir hafa því titil að verja.

Aðrir sterkir keppinautar:

Svíþjóð hýsir hluta mótsins og hefur staðið sig vel í upphafsriðlum, sem gefur þeim raunhæfa möguleika.

Spánn hefur hefur náð góðum árangri á alþjóðavettvangi að undanfögnu og samkvæmt veðmálastofum eru líkur þeirra sterkar.

Ísland: Íslenska liðið hefur komið á óvart með sterka frammistöðu hingað til og gæti orðið svartí hesturinn ef liðið heldur dampi.

Spurning mánaðarins

Hvernig leggst
árið 2026 í þig?



Ingi Már



Benni



Gísli



Sigurður Bjarni



Helgi Dagur



Steindór

Dregið í Skjáfrétta-getrauninni: Gísli Richards-son var með rétta lausn í síðustu getraun. Svarið er Janus. Öskum honum til hamingju.



Horft í byssuhlaupið

Á mínum yngri árum og ég nýbúinn að fá bílpróf vorum við vinirnir á fylleri og auðvitað með tvær gellur sem við drógum með okkur. Ég var á á gömlu Mözdunni 323 hans pabba með 1300 eða 1400 vél árgerð 1987 sem ég fékk til umráða, ef ég sæi um hana. Einum okkar datt í hug að við gætum klifrað yfir girðinguna um hverfis Rockvillestöðina á Miðnesheiði og halda party þar.

Við byrjuðum vettvangsferðina á því að fara inn í aðra af tveimur ratsjárstöðvunum, þessar stóru kúlubyggingar. Við urðum að brjóta upp hurðina sem gekk vel, enda með kúbein í bílnum. Félagi minn var með það sem þá var kallað boombox, stórt kassettutæki með öflugum hátölurum. Honum fannst það sniðug hugmynd að blasta það í botn inni í kúlunni. Ég varaði við því að það gæti verið áhætta að blasta þarna inni. Við myndum missa heyrnina útaf bergmálinu, en hann lét vaða á meðan ég opnaði neyðarútganginn til að hljóðið hefði einhvern stað að leita út. Þetta átti



Rockvillestöðin um 1983
Myndin er tekin á af slóðinni: <https://ferlir.is/wp-content/uploads/2023/05/rockville-24.jpg>

að vera tónlist sem við spiluðum en varð hljóðsprenging og skerandi hávaði, eins og zonic boom eða þota að rjúfa hljóðmúrinn í hausnum á manni. Við hlupum öll út í skelfingu og skipuðum honum að fara inn aftur til að slökkva á tækinu. Hann gerði það að lokum og með puttana í eyrunum hljóp hann inn og tókst að slökkva á tækinu.

Eftir þetta hurfu stelpurnar eða þær stungu af svo við vorum tveir eftir og fórum að skoða svæðið. Við brutumst inn í herskála, stálum einhverjum jökkum úr þvottakörfu og fórum svo í aðal skrifstofubygginguna og bíóið. Vinur minn vildi taka hátalara með sem hann aftengdi í bíóinu og dröslaði með sér að girðingunni. Ég var orðin upp-

gefinn eftir þetta og vildi ekki taka hátalarana með. Við yfirgáfum því staðinn og ég skutlaði honum heim og fór sjálfur heim að sofa.

Nokkrum vikum seinna náði ég að plata annan vin minn til að fara aftur í stöðina og vorum báðir vel í því. Tilgangur ferðarinnar var ránsferð. Við náðum í nokkra jakka og stórann og þungan skrifborðsstól. Þegar við vorum komnir með góssið inn í bílinn og að leggja af stað sjáum við stóran herjeppa koma á fullri ferð í áttina til okkar. Jeppinn neglir niður og út kemur kona í fullum herklæðum með MP-merki á handleggnum. Hún tekur upp skammyssu miðar á okkur og hrópar: „Freeze, put your hands on your head and get down on the ground now!“ Við vorum svo skelkaðir að við hlýddum fyrirmælunum umsvifalaust og sögðumst bara hafa verið að leika okkur. Hún trúði okkur ekki og sagði að við hefðum verið að brjótast inn, því svæðið væri vaktað með myndavélum. Hún sagði okkur að keyra á undan henni



Mazda 323 Sedan 1987
<https://www.carsguide.com.au/mazda/323>

að lögreglustöðunni Grénás í Njarðvík og skyldi okkur eftir þar hjá varðstjóranum.

Við iðruðumst gjörða okkar og vældum í varðstjóranum að sleppa okkur. Eftir samtal við varðstjóran skiluðum einhverju af góssinu en ég komst undan með skrifborðsstólinn og einn jakka, því það var aldrei leitað í skottinu.

Þess má geta að nokkrum mánuðum áður þetta gerðist var búið að leggja niður alla starfsemi í Rockville og í reynd búið að taka allt verðmæti í burtu.

Benni skráði eftir Fannari Bergssyni félagi í Geysi



Myndin er tekin af slóðinni: <https://www.vf.is/mannlif/vf-i-40-ar-rockville--a-midnesheidi>



Myndin er tekin af slóðinni: <https://ferlir.is/wp-content/uploads/2023/05/rockville-29.jpg>

Litli-Hver

Uppruna Clubhouse

Europe má rekja til samkomulags

sem var gert árið 2005 milli ICCD (International Center for Clubhouse Development, nú Clubhouse International CI) og STAKES sem er rannsóknarstofnun og þróunarsetur fyrir velferð og heilsu í Finnlandi.

Klúbbhúsasamtökum Evrópu var svo formlega ýtt úr vör í Stokkhólmi árið 2011. Upphaflegu hugmyndirnar voru og eru enn eftirtaldar:

1. Að stuðla að og styðja við nýja þróun Clubhouse um alla Evrópu til að bæta félagslega þátttöku, menntun, vinnu-markaðspáttöku og þátttöku fólks með geðsjúkdóma og sál- félagslega erfiðleika.
2. Að auka tækifæri notenda geðheilbrigðisþjónustu og fyrrverandi notenda í Evrópulöndum til að taka þátt í valdeffandi og stuðningsríku klúbbhúsasamfélagi.
3. Að tryggja að félagarnir í Klúbbhúsinu séu hjarta allrar starfseminnar.
4. Að gera Klúbbhúsin sýnileg og auka vitund um Klúbbhúsamódelið meðal fólks um alla Evrópu
4. Að auðvelda og styðja Klúbbhúsin og félaga til að hittast og hjálpa hver öðrum og fá þjálfun fyrir lykilleiddtoga Klúbbhúsa
5. Að stuðla að og samræma evrópskar rannsóknir á Klúbbhúsamódelinu, safna niðurstöðum rannsókna og miðla á alþjóðavettvangi.
6. Að efla samstarf og taka þátt í ólíkum samskiptaleiðum



Clubhouse International
Creating Community: Changing the World of Mental Health

Geðheilsa er líka heilsa

7. Að afla fjár fyrir samtökin
8. Að styrkja og auka samskiptanet Clubhouse International, evrópskra klúbbhúsa og annarra hagsmunaaðila við að þróa starf Evrópusamtakanna.
9. Að vera aðal samstarfsaðili Clubhouse International varðandi starfsemi klúbbhúsa í Evrópu.

Tímabundin lokun Klúbbsins Geysis frá 6. febrúar til 19. febrúar n.k.

Því miður er óhjákvæmilegt að loka klúbbnum Geysi tímabundið frá 6. febrúar til 19. febrúar n.k. eða um tveggja vikna skeið vegna veikinda starfsmanns og manneklu. Stjórn Klúbbsins Geysis biður félaga og hlutaðeigandi afsökunar á þessari tímabundnu tveggja vikna lokun. Sjá nánar á heimasíðu: klúbburinngeysis.is og fésbók klúbbsins.

Geysir verður opnaður að nýju föstudaginn 20. febrúar n.k.

Þá hefur stjórn Klúbbsins Geysis ákveðið að boða til opins félagafundar 4. mars n.k. kl.14.30 til þess að ræða starfsemi Klúbbsins Geysis.

Stjórn Klúbbsins Geysis